

Tap og sigur í körfunni

Skrifað af Körfuboltadeild

Sunnudagur, 27 Október 2013 22:24

Höttur tapaði fyrsta heimaleiknum á leiktíðinni gegn FSU. Leikurinn var mjög jafn og gerði FSU út um hann með síðustu körfunni á lokasekúndu leiksins. Austurfrétt fjallaði um leikinn: <http://www.austurfrett.is/sport/905-koerfubolti-fsu-lagdhi-hoett-a-lokasekundunni>

Síðasta föstudag lékum við síðan gegn Fjölni á þeirra heimavelli en Fjölnir féll úr Úrvalsdeild á síðustu leiktíð og eru erfiðir heim að sækja. Okkar menn gerður sér þó lítið fyrir og unnu sinn fyrsta leik í deildinni, 83-90. Leikurinn var jafn en Hattarliðið spilaði vel og innbyrti sanngjarnan sigur.

Næsti leikur í deildinni er heimaleikur gegn Hamri 8. nóvember.